

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hörgársveit.

Vinnslusvæði Norðurorku við Hjalteyri.

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundi sínum 30. apríl 2020 deiliskipulag fyrir vinnslusvæði Norðurorku við Hjalteyri skv. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagssvæðið er 14,5 ha og er skilgreint sem iðnaðarsvæði (I1) og athafnasvæði (AT3) í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins. Skipulagstillagan tekur til þriggja borholuhúsa, tveggja dælustöðva, nýs skiljubúnaðar til viðbótar við búnað sem fyrir er, rafstöðvar og núverandi íbúðarhúss í Arnarholti.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 40., 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hörgársveit, 20. október 2020.

Vigfús Björnsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 4. nóvember 2020